

# LANDSMÓT HESTAMANNA

HÓLUMÍHJALTADAL 5.-11. JÚLÍ



# Allt í stakk búið fyrir landsmót

Áskell Heiðar Ásgeirsson, eða Heiðar eins og hann er oftast kallaður, er framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna. Ótrúlegt en satt er hann ekki hestamaður sjálfur en finnst mannlífið og menningin í kringum hestamennskuna alveg hreint mögnuð.

Ég er fæddur og uppalinn á Borgarfirði eystra en kom í Skagafjörð fyrir rúmlega 35 árum í framhaldsskóla og kynntist hér Völu Báru, konunni minni. Við höfum nú búið saman í rúmlega 30 ár og eigum saman fjórar dætur. Ég hef starfað lengi við skipulag viðburða og að auki hef ég kennt síðustu ár við Ferðamálaeild Háskólans á Hólum og þá mest í sérstöku námi þar í viðburðastjórnun.

Hvert er þitt hlutverk á Landsmóti hestamanna?

„Sem framkvæmdastjóri mótsins hef ég það hlutverk að hafa yfirsýn yfir allt sem viðkemur viðburðinum og ég ber ábyrgð á því að allt fari vel fram. Ég verð þannig að vera aðeins inni í nánast öllum málum, en galdurinn er að vera ekki of mikið inni í neinu. Hér er frábært fólk sem ber ábyrgð á og stýrir einstökum þáttum viðburðarins og mitt er að tengja þetta allt saman. Svo er það nú bara þannig á svona stórum og fjölbreyttum viðburði að það þarf stundum að stökkva í verkefni í stutta stund og það er ekkert verkefni sem framkvæmdastjórinn er hafinn yfir.“

Hvað varð til þess að þú tókst að þér starf framkvæmdastjóra landsmótsins?

„Ég var fenginn í þetta hlutverk hér fyrir mótið 2016 og svo stýrði ég líka mótinu 2018 í Reykjavík. Þegar til mín var leitað ákvað ég að slá til enda var þetta mjög skemmtileg upplifun í hin skiptin og ég hef kynnst skemmtilegu fólk í kringum mótin. Svo er ég búinn að mennta mig í viðburðastjórnun og er að kenna hana á

háskólastigi á Hólum þannig að þetta var áskorun sem er í raun ekki hægt að sleppa og forréttindi að fá að starfa við þetta hér á Hólum.“

## Um 150 manns að störfum á landsmótinu

Eru einhverjar nýjungar eða eitthvað sem þið hafið breytt í ár?

„Landsmót er almennt frekar fast í forminu en við erum þó með nýjungar í keppninni sem verður spennandi að sjá. Hvað varðar þjónustu við gesti og mótssvæðið þá byggjum við mikið á reynslunni frá 2016, sem var almennt góð, en það verða fleiri salerni og meiri fjölbreytni í matarúrvali. Síðan verður aukin áhersla á notalega stemningu í gömlu skólahöllinni sem við breytum í kántríbar með tilheyrandi tónlistarþema.“

En almennt séð má segja að allt verði á sínum stað sem þarf til að gera gott landsmót og sumu má hreinlega ekki breyta.“

Hvað eru margir sem koma að mótinu?

„Mótið er skipulagt af hestamannafélaginu Skagfirðingi og síðan njótum við þess að hafa með okkur í liði fólk sem hefur komið að landsmótum áður, bæði hér í Skagafirði og annars staðar. Heilt yfir má segja að það sé um 30 manna hópur sem hefur komið að undirbúningnum undanfarna mánuði en þegar mótið hefst verða um 100 manns í vinnu við mótið á einn eða annan hátt og þar fyrir utan eru um 50 sjálfbóðaliðar utan Skagafjarðar sem eru búnir að boða komu sína.“

Fyrir utan þetta verður svo öflugt lið lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og annarra sem hjálpa okkur að láta þetta allt fara vel fram.“

Hvernig hefur undirbúningur gengið?

„Hann hefur heilt yfir gengið vel. Við búum að því að svæðið var byggt glæsilega upp fyrir mótið 2016 og við erum auðvitað að halda það á starfssvæði hestafræðideildar Háskólans á Hólum. Samstarf hér á svæðinu hefur verið mjög gott, sveitarfélagið hefur hjálpað til ásamt fyrirtækjum hérna í héraðinu og



Landsmót hestamanna er skipulagt af hestamannafélaginu Skagfirðingi en um 30 manna hópur hefur komið að undirbúningnum undanfarna mánuði. Þegar mótið hefst verða um 100 manns í vinnu við mótið og um 50 sjálfbóðaliðar.



Fólk á öllum aldri, frá ýmsum þjóðlöndum og með fjölbreyttan bakgrunn, sameinast í ástríðu fyrir íslenska hestinum.

þá hefur Hólaskóli unnið mikið með okkur í að láta þetta allt ganga upp.“

## Ein samfelld veisla á vellinum

Hvernig lítur dagskráin út?

„Dagskráin er stíf frá morgni til kvölds alla mótisdagana og fyrstu dagana auðvitað á tveimur völlum. Eftir að dagskrá lýkur á völlum munum við svo bjóða upp á trúbadora og léttu stemningu fram eftir viku. Á fimmtudegi skiptum við aðeins um gir. Það verða tónleikar í „kántrihöllinni“ á fimmtudags- og föstudagskvöld og síðan tónleikar eða sveitaböll í matarhöllinni okkar á föstudagskvöld og laugardagskvöld. Fyrir utan þetta verður svo sérstök dagskrá fyrir börnin og ýmislegt fleira spennandi í boði. Hin klassíska opunarathöfn fer fram á fimmtudagskvöldi. Auðvitað eru það hestarnir sem eru í aðalhlutverki alla vikuna og sérstaklega verða föstudagur og laugardagur ein samfelld veisla á vellinum.“

Hvers hlakkar þú mest til þegar mótið hefst og gestirnir streyma á svæðið?

„Ég hlakka auðvitað mest til þess að sjá alla þjónustu og allt það skipulag sem við höfum unnið að virka vel. Gott skipulag á

grundvallaratriðum eins og umferð, mat, þjónustu og snyrtingum er það sem verður að vera í topplagi og ef ég sé það virka þá verð ég ánægður. Þetta er ákveðið adrenalínkikk, sem við sem höfum gaman af viðburðaskipulagi lifum á.“

Hvernig endurspeglar Landsmót hestamanna íslenska hestamennsku, menningu og samfélag að þínu mati?

„Það kann að hljóma undarlega í þessu samhengi en ég er ekki hestamaður og kem í raun bara inn í verkefnið til að skipuleggja þennan viðburð. Ég er því ekki besti maðurinn til að svara þessu. En ég hef auðvitað fylgst vel með mannlífinu og menningunni á þessum mótum undanfarna áratugi og ég ber mikla virðingu fyrir hestamennskunni og þessu samfélagi hestaáhugafólks og atvinnufólks í hestamennsku sem verður til á landsmótum. Það er einhver einstakur andi sem verður til, fólk á öllum aldri, frá ýmsum þjóðlöndum og með fjölbreyttan bakgrunn, sameinast í ástríðu fyrir íslenska hestinum.“

## Einstakur hestakostur

Hvaða augnablik eða hefðir á landsmótinu finnst þér fanga best anda mótsins?

„Það er auðvitað mjög gaman að upplifa stærstu augnablikin í úrslitunum þar sem fólk vinnur stóra sigra og uppsker eftir gríðarlega vinnu. En setningarathöfnin er líka alltaf hátíðleg með hópheiðinni og auðvitað mætir Karlakórinn Heimir á opunarathöfnina hjá okkur eins og hefð er fyrir í Skagafirði.“

Ég býð alla gesti landsmóts á Hólum hjartanlega velkomna á mótið. Við erum fjölmennur og fjölbreyttur hópur og erum tilbúin að gera allt sem í okkar valdi stendur til að gera dvöl gesta, knapa og hrossa sem ánægjulegasta. Við vitum að eitthvað mun koma upp sem við ekki vitum núna en við verðum öll boðin og búin til að leysa úr öllu sem upp kemur.“

Hestakosturinn verður einstakur, umhverfið, Hólar og Hjaltdalurinn eru einstakt svæði og ég er sannfærður um að það verður góður andi á þessu móti.“

## Veldu gæði fyrir þinn hest!

Equilanno  
Hágæða hestamúsli



### Healthy fiber mix

Bragðgott trefjamúsli sem að er lágt í prótíni, inniheldur mikið af jurtum og hentar afar vel fyrir hesta með lága orkuþörf, eldri hesta, hestum með viðkvæman meltingarveg og matvanda hesta



### Linamix

Frábært viðbótarfóður fyrir hross sem inniheldur að mestu leyti pressuð hörfræ. Einstakur orkugjafi án þess að hafa áhrif á geðslag. Heldur sveiflum á blóðsykri í lágmarki



### Active mix

Einstaklega bragðgott allhliða hestamúsli. Er blanda af kornmeti í flögum ásamt prótínköggjum sem innihalda hágæða amínósýrur. Fjölbreytileikinn í innihaldsefnum stuðlar að bættu líkamsástandi hestsins, án þess þó að hlaupa í skapið á honum.





fyrir lífið í landinu

# VELKOMIN Í LÍFLAND

Lífland er með verslanir á 6 stöðum á landinu og ótrúlegt úrval af vörum fyrir hesta og knapa.

Hlökkum til að sjá ykkur!

FÓÐUR - BÆTIEFNI - REIÐTYGI - HNAKKAR - FATNAÐUR



Sala og ráðgjöf | [www.lifland.is](http://www.lifland.is) | Reykjavík | Akureyri | Borgarnes | Blönduós | Hvolsvöllur | Selfoss  
Sími 540 1100 | [lifland@lifland.is](mailto:lifland@lifland.is) | Korputorgi | Grímseyjargata 2 | Digranesgata 6 | Efstabraut 1 | Ormsvöllur 5 | Austurvegur 69

# Hefur mætt á öll landsmót síðan 1982

Elvar Einarsson, formaður Hestamannafélagsins Skagfirðings, segir allt stefna í glæsilegt Landsmót hestamanna á Hólum í Hjaltadal dagana 5.-11. júlí.

**P**að gengur allt mjög vel og undirbúningurinn er á áætlan,“ segir Elvar Einarsson, formaður Hestamannafélagsins Skagfirðings, um undirbúning Landsmóts hestamanna sem fram fer á Hólum í Hjaltadal dagana 5.-11. júlí.

Skagfirðingur, sem var stofnaður á Sauðárkróki 16. febrúar 2016 þegar hestamannafélagin Léttfeti, Stigandi og Svaði sameinuðust, sér um framkvæmd mótsins að þessu sinni en undirbúningurinn hefur staðið yfir um nokkurt skeið. Að sögn Elvars var ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir á mótssvæðinu á síðasta ári þar sem keppnisvellir voru endurnýjaðir, efni á þeim bætt og upphitunaraðstaða stækkuð. „Við fórum í vellina í fyrra-sumar og endurnýjuðum þá. Við lögðum nýtt efni á þá, byggðum upp stærri upphitunarföll og bættum reidleiðir innan svæðisins. Meginvinnan fór fram í fyrra og núna erum við að leggja loka-hönd á undirbúninginn,“ segir hann.

Nýju vellirnir voru prufukeyrðir við úrtöku félagsins í júní og gekk það vel. Nú beinist undirbúningurinn að því að gera mótssvæðið tilbúið fyrir gesti og keppendur, meðal annars með uppsetningu tjalda, kynningarbása og annarrar aðstöðu sem þarf til að taka á móti þeim þúsundum gesta sem búist er við á mótið. „Við fáum svæðið afhent frá Hólum tíu dögum fyrir mót. Þá þurfum við að hafa hraðar hendur, leggja gólf í reidhallirnar, afmarka gönguleiðir og klára allan frágang.“

Elvar hefur verið virkur í starfi hestamannafélaga í Skagfirði um áratugaskeið og áður en rætt er frekar um landsmótið er áhugavert að heyra hvernig leið hans lá í formannsstólinn. „Ég hef verið viðloðandi hestaiþróttir á Íslandi um áratugaskeið. Áður en Landssamband hestamannafélaga (LH) gekk inn í Íþrótt- og Ólympusamband Íslands (ISI) var sambandið með eigin Íþróttadeild og þar gegndi ég formennsku. Mig minnir að það hafi verið um árið 1990. Síðar sat ég í stjórn Stiganda og eftir sameiningu hestamannafélaganna Léttfeta, Stiganda og Svaða í Hestamannafélagið Skagfirðing tók ég við formennsku félagsins fyrir fjórum eða fimm árum,“ segir Elvar.

#### Hestafólk alls staðar að úr heiminum

Landsmót hestamanna er einn stærsti viðburður íslenskrar hestamennsku og laðar að sér bæði keppendur og áhugafólk



Elvar hefur verið viðloðandi hestamennsku um árabíl.

”

*Þetta verður því sannkölluð fjölskylduhátíð.*

viða að, að sögn Elvars. „Það sem gerir landsmótið svo sérstakt er fyrst og fremst að þar koma saman bestu hestar landsins í öllum greinum. Auk þess er þetta mikill mannfagnaður þar sem hestaáhugafólk alls staðar að úr heiminum hittist, spjallar og nýtur samverunnar,“ segir Elvar.

Að hans mati hafa Hólar ákveðna sérstöðu meðal mótssvæða landsins. „Á Hólum er frábært tjaldsvæði og þegar fólk er komið þangað er það yfirleitt komið til að vera. Það er minna um að fólk sé á ferðinni hingað og þangað; þar er maður kominn út úr hringiðunni og inn í dal. Fjölskyldur koma með tjöld eða hjólhýsi og dvelja á svæðinu alla vikuna. Þetta verður því sannkölluð fjölskylduhátíð.“

Aðspurður segir Elvar vonir standa til að gestafjöldinn verði mikill. „Við værum mjög sátt með um sex þúsund gesti en ef veðrið leikur við okkur tel ég að þeir geti orðið allt að átta þúsund. Veðrið hefur alltaf mikið að segja á útiðburðum af þessu tagi.“

Hann bendir þó á að margt hafi breyst á síðustu árum, ekki síst vegna tækniframfara.

„Núna er öllu streymt í beinni útsendingu og fólk getur fylgst með keppninni hvar sem er í heiminum. Sumir kjósa einfaldlega að horfa á mótið heima í stofu.“

#### „Það verður nóg að gera“

Elvar hefur sótt landsmót frá unga aldri og keppt á flestum þeirra. Að þessu sinni verður hlutverk hans þó fyrst og fremst að tryggja að allt gangi snurðulaust fyrir sig.

Hann rifjar upp að fyrsta landsmótið sem hann sótti hafi verið árið 1982, þegar hann var tíu ára gamall.

„Ég var á svæðinu og vann mér inn pening með því að tina flöskur,“ segir hann léttur í lundu. „Síðan þá hef ég farið á öll landsmót og keppt á þeim flestum.“

Aðspurður hvort það sé erfitt að vera ekki meðal keppenda segir hann svo ekki vera. Hann sé fremur spennur fyrir því að fylgjast með og upplifa aðra hlið á mótinu, enda verði nóg um að vera hjá sér.

„Ég verð líklega mest í hesthúsamálunum og svo bara þar sem þarf að redda hlutumum. Það verður nóg að gera.“

Hann segir jafnframt mikilvægt að nefna það öfluga samstarf sem hafi staðið að undirbúningi mótsins.

„Við höfum átt mjög gott samstarf við Sveitarfélagið Skagafjörð, Kaupfélag Skagfirðinga og Háskólann á Hólum. Sá stuðningur hefur skipt miklu máli og fyrir það erum við afar þakklát.“

Að lokum segist Elvar hlakka mest til að fylgjast með keppninni sjálfri.

„A-flokksúrslitin eru alltaf ákveðinn hápunktur hjá mér. Svo hlakka ég mikið til að sjá kynbótahrossin sem hafa verið að skila frábærum árangri að undanförunu. Það verður gaman að sjá þau mætast á landsmótinu.“



HorseDay


## Þér við hlið á Landsmóti

Fylgstu með hverju augnabliki og taktu virkan þátt.

20% af Premium

Kóði: **LM2026**





LÉTTÖL

**GEFÐU ÞÉR  
GÆÐINGATÍMA**


**2,25%**

# „Margir koma að því að gera svona mót mögulegt“

Hilda Karen Garðarsdóttir segir landsmótið ekki eingöngu snúast um keppni heldur einnig um samveru, samfélag og sameiginlega ástríðu fyrir hestinum.

Landsmótið er auðvitað keppni og sýningar þeirra bestu, uppskeruhátíð og síðast en ekki síst er þetta mannamót þar sem gamlir vinir hittast og krakkarnir kynnast nýjum vinum í öðrum hestamannafélögum og úr öðrum landshlutum,” segir Hilda Karen Garðarsdóttir, mótsstjóri Landsmóts hestamanna 2026.

Landsmótið fer fram á Hólum í Hjaltadal og er búist við þúsundum gesta, hundruðum keppenda og um 900 hrossum á svæðinu þegar upp verður staðið. Þar mætast bestu hestar landsins, afreksknappar, áhugamenn og keppendur á öllum aldri, allt frá tíu ára börnum og upp úr.



Hilda Karen Garðarsdóttir

Hilda tekur nú að sér hlutverk mótsstjóra í annað sinn, en hún hefur starfað við landsmót frá árinu 2011 í ýmsum hlutverkum. Hún ólst upp í kringum hesta og dýr fyrir austan og hefur verið á kafi í hestamennsku alla tíð þótt hún keppi ekki sjálf, en áhuginn er heldur betur til staðar.

Sem mótsstjóri ber Hilda ábyrgð á því að mótið fari vel og rétt fram, að reglum sé fylgt og að allt það stóra apparat sem stendur að baki mótinu virki sem skyldi.

„Það eru ótrúlega mörg lítil og stór störf sem þarf að vinna, hvort sem það eru dómara, ritarar, hlífverðir, sjálfbóðaliðar eða verktakar sem vinna þau. Á endanum raðast þúslin saman og úr verður stórvíðburður þar sem líklega um tvö hundruð manns hafa lagt hönd á plóg með einum eða öðrum hætti. Það er mjög gaman að vera hluti af því.“

## Lærði snemma að leggja hönd á plóg

Hilda segir reynsluna úr hestamannafélaginu austur á fjörðum hafa mótað sig mikið.

„Þegar maður kemur úr litlu félagi úti á landi þarf maður að gera allt sjálfur. Hvort sem það er að slá gras, mála hesthúsin eða setja upp völinn. Maður lærir það bara sem krakki.“

Þegar hún flutti til Reykjavíkur tók hún virkan þátt í félagsstarfi Fáks og sinnti meðal annars æskulýðs- og mótamálum. Smám saman fór hún að starfa meira að skipulagningu og framkvæmd móta og viðburða. Þrátt fyrir að búa í Reykjavík tók hún að sér starf mótsstjóra fyrir landsmótið á Hólum.

„Það er kannski ekkert sjálfgefið að ég sé í þessu hlutverki þar sem ég bý fyrir sunnan, en það gekk vel hjá okkur að halda Landsmótið 2024 í Reykjavík svo eitthvað höfum við gert rétt,“ segir hún létt í lund.

Hún segist afar þakklát fyrir traustið sem henni hefur verið sýnt og hlakkar til að taka á móti keppendum og gestum á Hólum í sumar.

## Nýjungar í keppninni

Hefðbundnar greinar landsmóts verða á sínum stað, þar á meðal gæðingakeppni, tölt og skeiðgreinar. Að sögn Hildu er gæðingakeppnin áfram hjartað í mótinu.

„Þar fær hinn íslenski gæðingur að njóta sín með sínum eiginleikum, fasi og fegurð á vellinum,“ segir hún.

Í ár verður þó einnig boðið upp á spennandi nýjungar.

„Við ætlum að prófa að vera með B-flokk í áhugamannaflokk og svo A-flokk fyrir ungmenni. Reiðmennskunni hefur fleygt svo mikið fram og við viljum gefa þessum knöpum tækifæri til að þróast áfram.“

Keppendur koma úr öllum áttum og aldursflokkum, allt frá tíu ára börnum upp í knapa á áttæðisaldri. Með nýja ungmennaflokknum fá yngri knapar tækifæri til að spreya sig á stærra sviði og undirbúa sig fyrir keppni í fullorðinsflokk síðar.



Landsmót hestamanna fer fram á Hólum í Hjaltadal þar sem mætast bestu hestar landsins, afreksknappar, áhugamenn og keppendur á öllum aldri. Kynbótasýningar eru stór hluti af mótinu og þar verða sýnd hross í öllum aldursflokkum.

”

*Þetta er ekki bara keppni.  
Þetta er líka staður þar sem fólk  
hittist og skapar minningar.*

Auk gæðingakeppninnar eru kynbótasýningar stór hluti mótsins og þar verða sýnd hross í öllum aldursflokkum, bæði hryssur og stóðhestar í einstaklings- og afkvæmasýningum. „Þegar allt er talið erum við líklega að tala um nálægt 900 hross á svæðinu. Það segir sitt um umfang viðburðarins.“

## Spennan eykst þegar líður á vikuna

Fyrstu dagar mótsins fara að mestu í forkeppnir og úrvinnslu en þegar líður á vikuna eykst spennan. Hápunktar mótsins eru gjarnan á föstudag og laugardag.

„Já, það eru alltaf stærstu dagarnir. Þá er rjóminn eftir, fólk fjölmennir á svæðið og spennan magnast.“

Hún segir fyrirkomulagið að mörgu leyti sambærilegt við stórmót í öðrum íþróttum þar sem keppendur þurfa fyrst að komast í gegnum forkeppnir áður en úrslitin ráðast.

„Þegar komið er fram á síðustu daga mótsins eru bestu hestarnir og knaparnir eftir og þá verður stemningin auðvitað enn meiri.“

Landsmótið snýst þó ekki eingöngu um keppnina. Á svæðinu verður fjölbreytt afþreying fyrir alla fjölskylduna, meðal annars leiksvæði fyrir börn, kynningarbásar og ýmiss konar afþreying fyrir gesti.

„Margir koma með hjólhýsi eða tjaldvagna og gera fjölskyldu-

ferð úr þessu. Fólk fylgist með keppninni yfir daginn og nýtur svo skemmtidagskrárinnar á kvöldin.“

Hilda bendir jafnframt á að Skagafjörður hafi mikið aðdráttarafl í sjálfa sér og því sé nóg við að vera fyrir þá sem vilja brjóta upp daginn á milli keppnisgreina.

„Skagafjörður er náttúrliga einstök náttúruperla og margt hægt að gera þar ef maður vill taka sér pásu frá því að horfa á hestana. Það er hægt að skella sér í sund, fara í gönguferðir og njóta alls þess sem þetta fallega svæði hefur upp á að bjóða.“

## „Alltaf gaman að sjá þegar allt gengur upp“

Spurð hvers hún hlakki mest til segir Hilda að það sé alltaf einstök upplifun að sjá þegar hestar og knapar ná fram sínu besta á stærsta sviðinu.

„Fólk hefur lagt ótrúlega mikið á sig til að komast hingað. Það er alltaf gaman að sjá þegar allt gengur upp og keppnispör ná að toppa sig á réttum tíma.“

Hilda bendir á að landsmót hafi í gegnum tíðina verið vettvangur stórra afreka.

„Það hafa fallið heimsmet í einkunum kynbótahrossa á landsmóti sem og í skeiðgreinum og fólk kemur hingað með það markmið að sýna sitt allra besta.“

Þó að keppnisgreinarnar séu í forgrunni telur Hilda að eitt stærsta aðdráttarafl landsmótsins sé það sem gerist utan vallarins.

„Þetta er mannamót. Fólk hittir vini sína, ættingja og kemur saman vegna sameiginlegs áhuga. Ég held að það sé stór ástæða fyrir því að fólk kemur aftur og aftur á landsmót. Það er félagskapurinn og hin sameiginlega ástríða fyrir hestinum okkar.“

Að hennar mati er það einmitt þessi blanda af íþróttum, samveru og samfélagi sem gerir landsmót einstakt.

„Þetta er ekki bara keppni. Þetta er líka staður þar sem fólk hittist og skapar minningar.“

FARSÆL MIÐLUN  
FYRIRTÆKJA  
Í 20 ÁR

Investis er fyrirtækjaráðgjöf sem byggir þjónustu sína á langri stjórnunarreynslu, hagfræði- og viðskiptamenntun og þekkingu ráðgjafa fyrirtækisins.

Frá árinu 2006 höfum við hjá Investis miðlað yfir 250 fyrirtækjum og rekstrareiningum.

INVESTIS

LÁGMÚLI 5, 6. HÆÐ. 108 REYKJAVÍK | Sími 546-1100  
INVESTIS@INVESTIS.IS | INVESTIS.IS



VELDU ÞÍNA STÖÐ Í APPINU

**Þín stöð.  
Þitt verð.  
Þínir punktar.  
Allt árið.**

Þegar þú velur þína stöð hjá N1 færðu alltaf lægsta verðið. Þú þarft ekki að halda neinu striki, bíða í ár eftir sparnaði eða velja fjórar vikur af 52. Þú getur bara treyst þjónustunni og lægsta verðinu þínu hvenær sem þú ferð á þína stöð.



# Splunkunýr vinkill í hestamennsku

Hólmfríður Sveinsdóttir er rektor Háskólans á Hólum. Hún leiðir öfluga uppbyggingu skólans og sameiningu við Háskóla Íslands auk brautryðjandi nýjungar þar sem hesturinn er í brennidepli.

Hólmfríður er fædd og uppalin á Sauðárkróki og býr nú í Glæsibæ í Skagafirði ásamt manni sínum, Stefáni Friðrikssyni. „Háskólinn á Hólum er, eins og við segjum, sérhæfður landsbyggðarháskóli þar sem boðið er upp á þrjú fræðasvið innan skólans sem eru öll mjög tengd sterkum atvinnugreinum á Íslandi. Það er sem sagt fiskeldis- og fiskalíffræðin, sem er þá að byggja undir lagareldið. Svo er það ferðamálafræði, ferðamál í dreifbýli, sem ferðamálaeild byggir undir. Síðan er það hestafræðin, hestafræðideild,“ segir Hólmfríður og bætir við: „Hér er líka öflug námslína í viðburðastjórnun.“

Þetta eru mjög sérhæfð fræðasvið sem eru ekki í boði við aðra háskóla. Gaman er að segja frá því að í fyrrahaust fórum við af stað með alveg rosalega viðamikilið nám hérna í járningafræði. Þar komast miklu færri að en vilja. Um er að ræða alþjóðlegt nám þannig að þeir sem útskrifast úr því fá alþjóðleg réttindi sem járngameistarar.“

Nú eru liðin rúm fjögur ár síðan Hólmfríður tók við sem rektor. Undanfarið hefur verið mikið að gera á öllum vígstöðvum skólans.

„Þetta hefur verið áhugavert, eins og margir vita erum við að sameinast Háskóla Íslands núna 1. júlí. Þá verðum við aðildarháskóli.“

Hólmfríður segir skólann í miklum uppbyggingarfasa hvað aðstöðuna varðar.

„Við erum að byggja niðri á Sauðárkróki sérhæft lagareldishús fyrir lagareldið. Hérna á Hólum er verið að fara í uppbyggingu á rannsóknar- og kennsluhúsnæði fyrir hestafræðina.“

## Hesturinn sem meðferð

Hólmfríður kom inn á áhugavert og nýstárlegt örnám sem skólinn er að fara af stað með. „Við erum að fara af stað með örnám í svokallaðri hestastuddri þjónustu við fólk. Sem þýðir að við erum að nota hestinn sem hluta af meðferð. Hvort sem það eru andlegir eða líkamlegir sjúkdómar. Þetta er svona í þróun hjá okkur, sem sagt örnámslína í þessu. Það á að stofna hérna rannsóknasetur sem er sérhæft í þessari hestastuddu þjónustu.“

Í þetta þarf allt öðruvísi hesta en í keppnir, ferðalög eða ferðaþjónustu. Að þessu kemur fólk úr öllum áttum. Þarna erum við að fá sjúkrabjálfa, geðlækna, sálfræðinga, þroskabjálfa og kennara svo eitthvað sé nefnt.“

Sem rektor háskólans gegnir Hólmfríður mikilvægu hlutverki á landsmótinu.

„Mitt hlutverk á landsmótinu hefur verið að leiða samstarf Háskólans við Hestamannafélagið Skagfirðing og Landssamband hestamannafélaga. Háskólinn er ekki að halda landsmótið en við erum að lána aðstöðu skólans; reiðhallir, völinn, hesthús og þess háttar. Samstarfið er mjög gott og hefur gengið ótrúlega vel.“

Hólmfríður tekur spennt á móti gestum landsmótsins.

„Ég hlakka til að sjá sem flesta á Landsmótinu á Hólum, heimavelli íslenska hestsins.“



”  
Í þetta þarf allt öðruvísi hesta en í keppnir, ferðalög eða ferðaþjónustu.

Hólmfríður Sveinsdóttir hefur verið rektor Háskólans á Hólum í rúm fjögur ár.

## Fóðurblandan styður íslenska hestinn til árangurs



Við óskum keppendum góðs gengis og gestum öllum góðrar skemmtunnar á Landsmóti hestamanna 2026



FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is  
fodur@fodur.is

FB Reykjavík  
Kornarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvolsvöllur  
Dufpaksbraut 1  
570 9850

SENDUM UM  
ALLT LAND



Skagafjörður

# Verið velkomin í Skagafjörð



[visitskagafjordur.is](https://visitskagafjordur.is)

Nánari upplýsingar um  
Skagafjörð



## Dagur menningar og ræktunar í Skagafirði

## Rík hrossarækt og menning

Að loknu Landsmóti hestamanna gefst gestum kostur á að heimsækja bæi í nágrenni landsmótsins en víða verður opið hús, þar á meðal á Varmalæk 1 og víða annars staðar.

**S**unnudaginn 12. júlí, að loknu Landsmóti hestamanna, gefst gestum einstakt tækifæri til að kynnst þeirri ríku hefð hrossaræktar og menningar sem Skagafjörður er þekktur fyrir. Þá verður haldinn Dagur menningar og ræktunar í Skagafirði þar sem fjölmörg hrossaræktarbyli og menningarsetur víðs vegar um héraðið opna dyr sínar og bjóða gesti velkomna til heimsóknar.

Markmið dagsins er að gefa gestum kost á að fræðast um íslenska hestinn, ræktunarsögu hans og það mikilvæga hlutverk sem Skagafjörður hefur gegnt í þróun og uppbyggingu hrossaræktar á Íslandi. Skagafjörður hefur um áratugaskeið verið eitt helsta hrossaræktarhérað landsins og þaðan hafa komið fjölmargir af þekktustu ræktendum og hestum þjóðarinnar. Gestir fá því einstakt tækifæri til að skyggast á bak við tjöldin og kynnst því starfi sem liggur að baki ræktun íslenska hestsins.

Um leið gefst tækifæri til að kynnst menningararfi héraðsins, fólkinu sem þar býr og þeirri einstöku gestrisni sem sveitirnar eru þekktar fyrir. Dagurinn er hugsaður sem samspil menningar, sögu og hrossaræktar þar sem gestir geta ferðast um héraðið á eigin hraða, notið fjölbreyttrar dagskrár og upplifað Skagafjörð frá ólíkum sjónarhornum.

## Áhugaverðir staðir á heimleið

Dagskráin hefst klukkan 11.00 með heimsóknum á bæi í nágrenni Hóla og landsmóts-svæðisins. Að því loknu verða opnir viðburðir á klukkustundarfresti á búum og menningarstöðum víðs vegar um Skagafjörð. Með þessu

fyrirkomulagi geta gestir lokið dvöl sinni á Landsmóti, lagt af stað heim á leið og nýtt daginn til að heimsækja áhugaverða staði í héraðinu áður en ferðinni er haldið áfram. Þannig verður auðvelt að velja sér þá staði sem höfða mest til hvers og eins og skapa sér eftirminnilega upplifun á leiðinni.

Mörg af fremstu ræktunarbúum Skagafjarðar hafa þegar staðfest þátttöku sína. Þar má nefna Bæ á Höfðaströnd, Hof, Neðri-Ás (Lea Busch), Þúfur, Kálfsstaði, Nautabú/Hestklett, Bjarmaland/Hrímnishöllina, Varmalæk 1 þar sem Guðmundur og Jóhanna taka á móti gestum, Miðsitju, Varmaland, Syðra-Skórðugil, Tunguháls og Sauðárkrókshesta. Á þessum stöðum fá gestir innsýn í starfsemi búanna, ræktunina og kynnst hestum og mönnum.

Þá verður kynning á sögu Kolkuós-hrossanna niðri við Kolkuós, þar sem gestir geta fræðst um merkilegan þátt þeirra í sögu hrossaræktar á Íslandi.

## Eftirminnilegur dagur

Jafnframt verða ýmsir merkir menningarstaðir með opið. Þar á meðal er Sögusetur íslenska hestsins á Hólum þar sem hægt verður að fræðast um sögu hestsins, tengsl hans við íslenskt samfélag og þann menningararf sem mótast hefur í kringum hestamennsku og búskap í gegnum aldirnar. Í Nýjabæ á Hólum verður jafnframt myndlistarsýning þar sem þrjár myndlistarkonur sýna verk sem eru innblásin af íslenska hestinum og þeirri sérstöðu sem hann hefur í íslensku náttúru og menningu.

Þá verður opið hús á Starrastöðum, Lýtingsstöðum og Stórhóli. Þessir staðir gefa gestum



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Markmiðið er að gefa gestum kost á að fræðast um íslenska hestinn, ræktunarsögu hans og það mikilvæga hlutverk sem Skagafjörður hefur gegnt í uppbyggingu hrossaræktar.

”

*Um leið gefst tækifæri til að kynnst menningararfi héraðsins, fólkinu sem þar býr og þeirri einstöku gestrisni sem sveitirnar eru þekktar fyrir.*

tækifæri til að kynnst handverki, rósarækt, íslenska fjárhundinum og fjölbreyttum hliðum skagafirskrar sögu og menningar.

Fyrir þá sem vilja kynna sér enn frekar það sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða er að finna fjölbreyttar upplýsingar um gistingu, veitingastaði, sundlaugar, afþreyingu og áhugaverða áfangastaði á heimasíðu Markaðsstofu Skagafjarðar: [visitskagafjordur.is](http://visitskagafjordur.is).

Dagur menningar og ræktunar er því ekki aðeins viðburður fyrir áhugafólk um hross heldur fyrir alla sem vilja upplifa sögu, menningu og náttúru Skagafjarðar á lifandi og aðgengilegan hátt. Skipuleggjendur hlakka til að taka á móti gestum og bjóða þeim að upplifa eftirminnilegan dag þar sem íslensk hrossarækt, menning og gestrisni Skagafjarðar verða í forgrunni.


**BM-VALLÁ**

## STEYPTAR HÚSEININGAR

### fyrir hestafólk í framkvæmdahug

Þegar byggja þarf vandað og endingargott hesthús eru forsteyptar húseiningar snjall kostur. Þau eru fljótleg í uppsetningu, viðhaldslítill og þola vel ágang dýra og tækja.

Einingarnar eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður og settar saman undir ströngu gæðaeftirliti.

**Hafðu samband við okkur og við förum yfir næstu skref.**





# Vörður

hluti af Arion

# Viltu bjóða draumahollinu þínu til Spánnar?

Taktu þátt í Regluverðinum  
á [golf.vordur.is](http://golf.vordur.is)

GOLF SKÁLINN

## Sögusetur íslenska hestsins

## „Fólk kemur hingað í píligrímsferðir“

Kristín Halldórsdóttir, verkefnastjóri Söguseturs íslenska hestsins, segir mikilvægt að gera þekkingu á íslenska hestinum aðgengilega og vekja áhuga nýrra kynslóða.

Saga íslenska hestsins er samofin sögu þjóðarinnar og í aldarfjórðung hefur Sögusetur íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal varðveitt og miðlað þeirri sögu. Nú, þegar setrið fagnar 25 ára afmæli sínu, vinnur Kristín Halldórsdóttir verkefnastjóri að því að blása nýju lífi í starfsemina og þróa setrið áfram sem lifandi miðstöð fræðslu og sögu um hlutverk íslenska hestsins í menningu og samfélagi Íslands.

Kristín tók við starfinu á síðasta ári eftir áratugalanga reynslu af fjölbreyttum verkefnum sem tengjast íslenska hestinum. Hún hefur meðal annars komið að þróun og rekstri WorldFengs, alþjóðlegrar ættbókar íslenska hestsins, og gegnir formennsku í skrásetjaranefnd FEIF.

Þótt Kristín hafi verið búsett í Þýskalandi síðastliðin 30 ár á hún litla íbúð á Hólum þar sem hún dvelur yfir sumarmánuðina í tengslum við starf sitt við Sögusetur íslenska hestsins. Frá 1. júní til 31. ágúst tekur hún á móti gestum, segir frá sögu íslenska hestsins og deilir þeirri þekkingu og reynslu sem hún hefur aflað sér á löngum starfsferli með áhugasömum gestum.

„Ég hef starfað við ýmis hestatengd verkefni í meira en þrjú áratugi sem flest hafa á einhvern hátt tengst WorldFeng. Þegar mér bauðst að taka við Sögusetrinu fannst mér það spennandi tækifæri. Ég segi stundum að mig hafi langað að líta aðeins upp frá tölvunni og sjá framan í fólk,“ segir Kristín og hlær.

## Saga hestsins lifnar við

Saga íslenska hestsins nær allt aftur til landnáms þegar fyrstu hrossin bárust til landsins með norrænum landnámsmönnum. Á Sögusetri íslenska hestsins er sjónum hins vegar fyrst og fremst beint að hlutverki hans í íslensku samfélagi á fyrri hluta 20. aldar.

Sögusetrið var stofnað 9. júní 2001 af Hestamiðstöð Íslands, Byggðasafni Skagfirðinga og Háskólanum á Hólum. Árið 2006 var því breytt í sjálfseignarstofnun og starfar það sem slík í dag. Í stjórn setursins eru fulltrúar frá Sveitarfélaginu Skagafirði, Byggðasafni Skagfirðinga og Háskólanum á Hólum.

Á setrinu geta gestir meðal annars skoðað gamalt hesthús, fræðst um búskaparhætti fyrri tíma, kíkt í glugga á söðlasmiðja-verkstæði og kynnt sér sögu frumkvöðla íslenskrar hrossaræktar. Þar er einnig sérstök Theodórsstofa sem er tileinkuð Theodóri Arnbjörnssyni, sem lagði grunn að skipulögðu ræktunarstarfi íslenska hestsins á fyrri hluta síðustu aldar.

Kristín segir mikilvægt að varðveita sögu íslenska hestsins og miðla henni til komandi kynslóða.

„Við þurfum stundum að horfa til baka og sjá hvernig hesturinn varð til og mótaðist hér á Íslandi. Hann er afurð bæði náttúrunnar og þeirra kynslóða sem byggðu landið og treystu á hann í daglegu lífi.“

Á efri hæð setursins eru breytilegar sýningar þar sem sjónum er beint að nýjum hliðum íslenska hestsins. Þar hefur Kristín meðal annars sett upp sýningu sem fjallar um líti, erfðir og ættir íslenska hestsins, viðfangsefni sem hún þekkir vel úr starfi sínu við WorldFeng.

„Mig langar til að gera upplýsingar um litaerfðir aðgengilegar fyrir breiðan hóp fólks. Þekking á litaerfðum skiptir máli í hrossarækt, meðal annars vegna þess að ákveðnum litum geta fylgt erfðagallar sem mikilvægt er að forðast.“

## „Ég sit með gestum yfir kaffibolla“

Þótt Sögusetur íslenska hestsins sé lítið að umfangi býr það yfir kostum sem stærrí söfn hafa ekki endilega. Gestir fá oft tækifæri til að ræða við Kristínu sjálfa og spyrja hana út í allt frá ræktunarsögu til litaerfða.

„Það kemur oft fyrir að ég sit með gestum yfir kaffibolla og spjalli í hálf tíma eða lengur. Fólk finnst gaman að geta rætt við einhvern sem fæst við þetta á hverjum degi og ég fæ líka að heyra þeirra sögur. Það er einn af skemmtilegustu þáttunum í starfinu.“

Þessi nálægð hefur skilað sér í mjög jákvæðum viðbrögðum gesta.

„Við fáum fólk alls staðar að úr heiminum. Sumir hafa mikinn áhuga á hestum en aðrir koma fyrst og fremst vegna menningarinnar. Það sem gleður mig mest er þegar fólk segir að það hafi lært eitthvað sem það vissi ekki áður.“

## „Mikill styrkur fyrir ræktunarstarfið“

Starf Kristínar hefur um árabíl snúist um að skrá, varðveita og miðla upplýsingum um íslenska hestinn. Hún hefur lengi starfað við WorldFeng, alþjóðlega ættbók íslenska hestsins, og fylgst með þeim tækniþróingum sem hafa umbreytt ræktunarstarfinu.

„Þegar ég hóf störf voru upplýsingarnar geymdar í tölvum en almenningur gat nálgast þær í gegnum Einka-Feng á diskettum og síðar Íslands-Feng á geisladiskum. Í dag hafa um 65 þúsund félagar í hestamannafélögum innan FEIF aðgang að upplýsingunum í WorldFeng. Þróunin á þessum tíma hefur verið gríðarleg.“

Í dag eru yfir 600 þúsund hreinræktuð íslensk hross skráð í WorldFeng. Kerfið heldur utan um upplýsingar um íslenska hestinn um allan heim og er einstakt meðal hestakynja.



Kristín er spennt fyrir Landsmóti hestamanna. Sögusetur íslenska hestsins verður með kynningarbás á mótssvæðinu og af því tilefni verður þjónustutími setursins rýmkaður fyrir áhugasama gesti.



Saga íslenska hestsins er samofin sögu þjóðarinnar og Sögusetur íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal hefur miðlað þeirri sögu.



Á efri hæð setursins er sýning sem fjallar um líti, erfðir og ættir íslenska hestsins.

”

Við eigum ótrúlegan fjársjóð af sögum um hesta á Íslandi. Það eru hrakfallasögur, hetjusögur og sögur af fólkum sem bókstaflega á líf sitt hesti að þakka.

„Mörg önnur hestakyn horfa með ákveðinni öfund til þess sem Íslendingum hefur tekist að byggja upp. Við erum með einn sameiginlegan gagnagrunn fyrir allan heiminn og það er mikill styrkur fyrir ræktunarstarfið. Þótt hvert land haldi sína eigin ættbók fyrir íslenska hesta eru allar upplýsingar skráðar í WorldFeng.“

## Flestir gestir koma frá Þýskalandi

Þótt margir tengi íslenska hestinn fyrst og fremst við Ísland er ræktun hans og útbreiðsla löngu orðin alþjóðleg. Stærsti hópur erlendrar gesta sem heimsækja Sögusetur íslenska hestsins kemur frá Þýskalandi þar sem kynið nýtur mikilla vinsælda.

Kristín segir að fyrir marga sé ferð til Íslands miklu meira en hefðbundið fri.

„Það er stór hópur fólks sem kemur hingað beinlínis vegna hestsins. Sumir tala jafnvel um þetta sem píligrímsferð. Fólk vill sjá landið sem hestarnir þess koma frá, kynnast sögu kynsins og upplifa umhverfið sem mótaði það.“

Þessi tengsl verða meðal annars í forgrunni nýrrar sýningar sem Kristín vinnur að um þessar mundir. Þar verður fjallað um útbreiðslu íslenska hestsins um heiminn og hvernig hann varð eitt þekktasta tákn íslenskrar menningar erlendis.

„Við vitum öll að íslenski hesturinn hefur farið víða en saga útflutningsins er miklu eldri og áhugaverðari en margir gera sér grein fyrir. Ég vona að gestir uppgötvu eitthvað nýtt þegar þeir skoða sýninguna.“

## Landsmótið skapar einstakt tækifæri

Landsmót hestamanna verður einn stærsti viðburður sumarsins í Skagafirði og Kristín býst við miklum straumi gesta á svæðið. Í tengslum við mótið verður Sögusetur íslenska hestsins með kynningarbás á mótssvæðinu auk þess sem þjónustutími setursins verður rýmkaður og boðið upp á fjölbreytta dagskrá á Hólum. Einnig verður opnuð listasýning í Nýjabæ þar sem þrjár listakonur sýna verk innblásin af íslenska hestinum.

„Þær eru allar heillaðar af hestinum og nálgast hann út frá listinni. Þetta verður skemmtileg viðbót við dagskrána og gefur fólk tækifæri til að upplifa hestinn frá öðru sjónarhorni.“

Landsmótið er þó ekki það eina sem er á döfinni í sumar. Eitt af því sem Kristín hlakkar mest til er nýr viðburður í samstarfi við hlaðvarpið Myrka Ísland. Í lok júlí munu þáttastjórnendur taka upp þátt fyrir framan áhorfendur í húsakynnum Sögusetursins þar sem fjallað verður um sögur tengdar íslenskum hestum og fólkunum sem tengdist þeim.

„Við eigum ótrúlegan fjársjóð af sögum um hesta á Íslandi. Það eru hrakfallasögur, hetjusögur og sögur af fólkum sem bókstaflega á líf sitt hesti að þakka. Mér fannst tilvalið að fá Myrka Ísland til að hjálpa okkur að draga þessar sögur fram í dagsljósið.“

Kristín segir mikilvægt að nýta fjölbreyttar leiðir til að miðla þekkingu og sögu.

„Ég vil að Sögusetrið sé lifandi vettvangur, ekki bara staður þar sem fólk gengur fram hjá sýningargripum heldur staður þar sem fólk hittist, lærir eitthvað nýtt og upplifir söguna.“

## Aha-upplifun fyrir alla

Þegar Kristín er spurð hvað hún vonist helst til að gestir taki með sér eftir heimsókn á Sögusetrið stendur ekki á svari.

„Ég vona að fólk fari héðan með nýja sýn á íslenska hestinn, hvort sem það snýr að sögu hans, erfðum, útbreiðslu eða hlutverki í íslensku samfélagi.“

Hún segist ekki sist vilja vekja forvitni og að gestir yfirgefi setrið fróðari um íslenska hestinn en þeir voru þegar þeir komu.

„Það væri gaman ef fólk færi héðan með eina eða tvær nýjar staðreyndir sem það vissi ekki áður. Eitthvað sem fær það til að hugsa: „Vá, þetta hafði ég aldrei heyrt.““



# Hjarðartún

Eftirtaldir stóðhestar sinna hryssum í Hjarðartúni sumarið 2026



Sindri frá Hjarðartúni Sk: 8.28 H: 9.38 Ae: 8.99 blup: 131

## Sindri frá Hjarðartúni

Landsmótssigurvegarinn og ofurhesturinn Sindri frá Hjarðartúni er vel ættaður, geðgóður alhliða gæðingur með einstakt fjaðurmagn, fas og rými. Á Landsmóttinu 2022 hlaut hann hæstu hæfileika einkunn 9.38 sem gefin hefur verið. Sindri keppir í A-flokki á Landsmóttinu á Hólum. Fyrstu afkvæmi Sindra eru komin í tamningu og greinilegt er að hann skilar geðslaginu og fjaðurmagninu áfram til afkvæma sinna.

## Frosti frá Hjarðartúni

Frosti er frábærlega ættaður, geðgóður alhliðahestur með mikla útgeislun. Hann er meðal annars hæst dæmði stóðhesturinn undan hinum mikla gæðingaföður Skýr frá Skálakoti. Frosti er einnig sammæðra Aspari frá Hjarðartúni undan gæðingamóðurinni Hrund frá Ragnheiðarstöðum.

Hann er þegar farinn að láta að sér kveða á keppnisbrautinni þar sem hann hefur sýnt mikla yfirvegum og meðal annars fengið glæsieinkunnina 8.70 í slaktaumatöltili.

Peir sem hafa áhuga á að nota Frosta verða að nýta sér sumarið þar sem hann heldur til nýrra heimkynna í Sviss í haust.



Frosti frá Hjarðartúni Sk: 8.56 H: 8.77 Ae: 8.70 blup: 133

Skráning hryssa og upplýsingar um notkun á heimasíðu Hjarðartúns – [hjarðartun.is](http://hjarðartun.is)  
Nánari upplýsingar um notkun í síma 883-3660 eða [info@hjarðartun.is](mailto:info@hjarðartun.is)

# Hestar eru ávallt til staðar

Guðmundur Karl Tryggvason, eða Gummi eins og hann er oft kallaður, er fæddur og uppalinn á Mýri í Bárðardal. Hann lærði matreiðslu á Akureyri, starfaði í þeim geira í 37 ár og rak meðal annars Bautann í áraraðir ásamt konu sinni, Helgu Árnadóttur. Hestamennskan hefur verið límið í lífi hjónanna frá því þau kynntust.

Við hjónin höfum stundað hestamennsku meira og minna frá því að við vorum krakkar hér á Akureyri," segir hann og bætir við: „Við eigum gott hesthús í Lögmannshlíðarhverfinu.“ Þar þykir honum gott að vera.

Spurður að því hvort hann ætli að keppa á landsmótinu segist Gummi ætla að gera það. „Jú, það er vist, það er sú nýbreytni. Ég hef ekki keppt áður á landsmóti en hef svo sem tekið þátt í ræktunarbússýningum og einhverju svoleiðis en ekki keppt. Keppnin leggst mjög vel í mig, ég er spennur. Markmiðið er að hafa gaman og njóta," segir Gummi.

„Í mínum augum hefur landsmótið alltaf verið ákveðin menningarveisla fyrir okkur hestamenn. Að hitta vini og kollega í greininni og njóta íslenska hestsins í sinni flottustu mynd. Ég er ekkert upptekinn af einum grip frekar en öðrum heldur bara meira svona því að sjá framþróun í ræktuninni okkar og þjálfuninni. Hápunktur keppinnar er að mínu mati töltið, alltaf rosalega skemmtilegt.“

## Límið í lífi hjónanna

Það er því augljóst að hestamennskan stendur hjónunum nærri.

„Ég, eða við hjónin, erum búin að vera í kringum hross frá því að við vorum krakkar og stunda hestamennsku af þó nokkrum krafti alveg frá því við vorum um títugt, ef ekki

”

*Þetta er lífsstill og lífsgjöf fyrir marga.*

fyrir. Þetta gerir rosalega mikið fyrir okkur. Hestamennskan hefur verið límið í lífi okkar hjóna alla tíð og við höfum notið þess að geta nálgast hestinn á flestan þann hátt sem hægt er. Við erum að rækta aðeins hross, ala upp og temja, þjálfva og keppa.“

Áhugi Gumma á hestum kviknaði í sveitinni. „Ég er alinn upp í sveit og þar voru hestar fyrst og fremst notaðir mikið í kringum sauðfé, við að smala og sinna því en líka alltaf svolítið til sportreiða.“

Þegar Gummi kynntist svo Helgu sinni var fátt annað sem komst að í hennar lífi en hestar.

„Ef ég ætlaði að halda henni var ekkert annað um að ræða en að fara á fullt í hestamennskuna," segir Gummi og hlær.

Skemmtilegastar þykja honum hestaferðirnar. „Það jafnast ekkert á við ferðir með fjölskyldunni og vinum. Það er alltaf mikil tilhlökkun og skemmtilegur undirbúningur í kringum það," segir Gummi og bætir við að hann og Helga séu í þann mund að leggja



Hestar eru alltumlykjandi í lífi hjónanna Guðmundar Karls og Helgu Árnadóttur.

af stað í tæplega viku hestaferð. „Við gerum þetta ekkert í löngum áföngum, bara þannig að þetta sé skemmtilegt.“

Gummi segir að hann finni það fljótt á líkamanum þegar hann kemst ekki í hesthúsið í langan tíma. „Ekki síður er það andlega hlíðin, hún er sennilega fljóttari að fara. Þetta er lífsstill og lífsgjöf fyrir marga.“

Þannig gefur hestamennskan ýmislegt sem ekki er hægt að fá annars staðar.

„Ég held að það sé þessi tilfinning sem flestir hestamenn þekkja, að vera hamingjusamur úti með hesti sínum í íslenskrí náttúru. Hestar eru gríðarlega góður félagsskapur, þeir eru alltaf til staðar og maður fær andlega fyllingu af því að umgangast þá.“

## Kærar þakkir fyrir frábært samstarf við kynbótasýningar ársins



*Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er óháð þekkingar- og ráðgjafarfyrtæki sem veitir faglega ráðgjöf, þjónustu og fræðslu í þágu hrossaræktar

- Skýrsluhald
- Kynbótadómar
- Kynbótamat
- Ræktunarnöfn
- Mælingar á hrossum utan kynbótasýninga
- Örmerkingar
- DNA sýnataka
- Hestavegabréf og eignarhaldsskírteini
- Þjónusta við WorldFeng
- Fóðurráðgjöf
- Landnýting
- Jarðrækt
- Rekstrarráðgjöf
- Umhverfismál

FAGMENNSKA - LIPURÐ - FRAMSÆKNI - SAMVINNA

Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins | 516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is





# HVAÐ VILT ÞÚ BYGGJA?



Með byggingarefni frá Límtré Vírnet getur þú byggt allt frá skemmum til gagnavera, frá fjósum til einbýlishúsa.

# Fátt skemmtilegra en hestaferðir með vinkonum

Hin níu ára Eva Hrönn lifir og hrærist í hestamennsku. Eftir að hafa borið sigur úr bytum í fjórgangi í barnaflokki á Reykjavíkurmótinu stefnir hún spennt á sitt fyrsta landsmót með besta vini sínum, Rafni frá Melbergi.

**E**va Hrönn Ásmundsdóttir er níu ára knapi sem hefur óbilandi áhuga á hestamennsku og öllu sem því tengist. Nýlega sigraði Eva, ásamt Rafni frá Melbergi, í fjórgangi í barnaflokki á Reykjavíkurmótinu. Í ár ætlar hún sér að keppa á sínu fyrsta landsmóti og er vægast sagt spennt fyrir því.

Eva Hrönn er dóttir þeirra Ásmundar Ernis Snorrasonar og Stelli Sólveigar Pálmarsdóttur. Fjölskyldan bjó lengi á Strandarhöfða í Landeyjum en fluttist yfir á Litlaland í Ásahreppi fyrir tveimur árum. Þar eru þau með hesta, hunda og ketti.

„Pabbi kemur úr mikilli hestafjölskyldu, þau eru öll í hestunum. Fjölskylda mömmu er ekki í hestum en þau fylgjast mikið með og hjálpa okkur mikið. Doddi, bróðir mömmu, er reyndar byrjaður í hestum núna,“ segir Eva Hrönn.

„Ég hef haft áhuga á hestum alveg síðan ég man eftir mér. Ég fór oft á hestbak með mömmu minni og pabba þegar ég var mjög lítil.“

Eva Hrönn þekkir því ekkert annað en að hestar séu alltumlykjandi. Hún segist þakklát foreldrum sínum sem hafa sýnt henni mikinn stuðning. „Mamma og pabbi hafa alltaf stutt mjög mikið við mig og hestana mína, þau skutla mér á öll mót og námskeið, hjálpa mér að sjá vel um hestana mína og að læra allt um hestana og svo eru þau mjög góðir kennarar líka.“

Spurð um það skemmtilegasta við hestamennsku þykir Evu erfitt að velja. „Mér finnst eiginlega allt skemmtilegt við það, sérstaklega að fara í reiðtúra með vinkonum mínum, fara í langar hestaferðir, keppa og sundriða með hestunum. Mér finnst líka mjög gaman að dekra við hestana mína og passa að hugsa vel um þá,“ segir hún dreymin.

## Keppir á besta vini sínum

Talið berst að Landsmótinu en líkt og áður kom fram er Eva að keppa á sínu fyrsta landsmóti í ár.

„Ég er svo spennt og hlakka mikið til að fá að keppa með hestinum mínum og ég hlakka líka mjög mikið til að sjá alla góðu hestana og kynnast nýjum krökkum á Hólum.“

Á landsmótinu keppir hún á hestinum Rafni frá Melbergi. „Rafn er besti vinur minn og ég fæ hann lánaðan frá ömmu minni og Signýju frænku minni. Rafn er mjög mikill gæðingur og þetta verður þriðja landsmótið hans. Ég er mjög þakklát fyrir að fá að vera með hann. Hann er mikill karakter og kann að kyssa.“ Eva bætir við að Rafn eigi það til að gera manna- mun og hann velji sér vandlega það fólk sem honum líkar við.

Undirbúningur fyrir mótið hefur gengið vel. „Við æfum okkur mikið heima og ég er líka búin að vera dugleg að keppa á honum og æfa mig á keppnisvöllum á Fákshólum. Svo passa ég mjög vel upp á að hann fái mikið nammi og fái líka að vera úti á grasi á daginn.“

Keppnisdagur nálgast og Eva Hrönn verður spenntari með hverjum deginum sem líður. „Ég fæ stundum smá fiðrildi í magann og er spenntust fyrir keppnisdeginum sjálfum. Ég held að það sem muni standa hvað mest upp



Eva Hrönn og Rafn frá Melbergi sigruðu í fjórgangi í barnaflokki á Reykjavíkurmótinu.



Kúrað með folaldi á blívíðrisdegi.



Vinir að hafa það huggulegt.

”

*Ég fæ stundum smá fiðrildi í magann og er spenntust fyrir keppnisdeginum sjálfum.*

úr sé að riða inn á keppnisvöllinn, ég held að það verði ógleymanlegt.“

## Spennt að hvetja vinkonurnar áfram

Stór hópur barna mun stiga á stökk á Landsmótinu. Evu Hrönn þykir spennandi að hitta krakka sem deila með henni áhugamálum. „Mér finnst mjög skemmtilegt að horfa með krökkunum á alla hestana og geta talað við þau um mótin, hestaferðir og allt sem tengist hestum. Ég er mjög spennt að sjá allar vinkonur mínar keppa og hvetja þær áfram í brekkunni. Svo hlakka ég mikið til að sjá hvað verður um að vera á mótssvæðinu.“

Þrátt fyrir ungan aldur er Eva Hrönn hæfileikarík á sínu sviði. „Hestamennskan hefur kennt mér að vera mjög þolinmód og að lesa hestana mína vel, skilja hvað þá vantar og hvernig þeim líður. Þetta hefur líka kennt mér að vera dugleg að hjálpa til í hesthúsinu.“

Ævintýralegar hestaferðir eru greinilega í miklu eftirlæti. „Mínar allra uppáhaldsmíningar í hestunum eru klárlega um að fara í hestaferðir með vinkonum mínum og fjölskyldunni minni, fara yfir vötn og öll ævintýrin sem fylgja því.“

Að lokum vill Eva Hrönn hvetja öll þau börn áfram sem eru að hugsa um að byrja í hestamennsku. „Það er aldrei of seint að byrja.“

## KYNNING

Morgunblaðið **mbl.is**  
augl@mbl.is | Sími 569 1100

Í Háskólanum á Hólum er hin vinsæla hestafræðideild og hér má sjá útskriftarnemendur í BSc-náminu í vor á lokareiðsýningunni.

## Háskólinn á Hólum

## Þrjátíu ár í fararbroddi hestamenntunar

Um 350 reiðkennarar hafa útskrifast af hestafræðideildinni úr Háskólanum á Hólum en mikil aðsókn er í námið, líka erlendis frá.

Íslenski hesturinn hefur um áratugaskeið verið eitt sterkasta tákn íslenskrar menningar og atvinnulífs. Á bak við þá þróun sem orðið hefur í ræktun, þjálfun og kennslu stendur meðal annars hestafræðideild Háskólans á Hólum, sem fagnar um þessar mundir 30 ára afmæli sínu sem sjálfstæð deild. Þar hefur áratugum saman verið byggð upp sérþekking sem vekur athygli langt út fyrir landsteinana og hestafræðideild Hólaskóla sameinar hefð, vísindi og alþjóðlega sýn.

„Hestamennska hefur verið kennd á Hólum miklu lengur í einhverri mynd en fyrir þrjátíu árum var hestafræðideildin stofnuð formlega og þá hófst markviss uppbygging sérhæfðs náms í reiðmennsku og reiðkennslu,“ segir Víkingur Gunnarsson deildarstjóri hestafræðideildarinnar.

Í dag er BS-nám í reiðmennsku og reiðkennslu kjarninn í starfsemi og hafa um 350 reiðkennarar útskrifast frá deildinni frá stofnun hennar. „Það sem einkennir námið hjá okkur er hversu mikil áhersla er lögð á verklega færni. Nemendur læra ekki eingöngu fræðin heldur einnig reiðmennsku og kennslu í reynd. Það er nokkuð sem aðgreinir okkur frá mörgum sambærilegum námsleiðum erlendis.“

## Aðstaða sem fáir geta boðið

Til að sinna slíku námi þarf öfluga aðstöðu og þar standa Hólar sterkum fótum. „Við erum með hesthús fyrir um 250 hesta, þrjár reiðhallir, sérstakt rannsóknarhesthús og umfangsmikil útikennslusvæði. Hér er líka eitt stærsta og best búna mótssvæði landsins fyrir hestamennsku.“

Mikilvægur þáttur í kennslunni eru einnig skólahestarnir sjálfir. Háskólinn ræktar og þjálfar eigin hross sem notuð eru í námi nemenda. „Við eigum stóran hóp sérþjálfaðra skólahesta sem eru í daglegri kennslu. Á hverjum tíma eru um fjórutíu slíkir hestar í notkun. Nemendur koma einnig með eigin hesta en skólahestarnir eru í raun einn af hornsteinum starfseminnar.“

## Alþjóðlegt nám með íslenskum hestum

Áhugi á íslenska hestinum nær langt út fyrir landamæri Íslands og það endurspeglast í



Hér eru brautskráðir nemendur úr BSc-náminu og járnninganámínu á Hólum núna í vor ásamt Hólmsfríði Sveinsdóttur rektor og Víkingi Gunnarssyni deildarstjóra hestafræðideildar fyrir miðju.

nemendahópnum á Hólum. „Við höfum lengi verið með hátt hlutfall erlendra nemenda, oft á bilinu 30 til 50 prósent. Hingað hafa komið nemendur frá að minnsta kosti tólf þjóðlöndum,“ segir Víkingur og bætir við að það sé engin tilviljun að margir sæki námið erlendis frá. „Íslenski hesturinn er orðinn alþjóðlegt fyrirbæri. Ísland er upprunaland kynsins og leiðandi á sviði ræktunar, kennslu og þróunar reiðmennsku. Fólki kemur hingað til að læra af þeim sem standa næst rótunum.“

Þessi alþjóðlegi vinkill hefur einnig skapað víðtækt samstarf við samtök og stofnanir víða um heim. Hólaskóli hefur meðal annars átt náið samstarf við FEIF, alþjóðasamtök eigenda íslenskra hesta, auk fjölmargra innlendra fagfélaga. „Við vinnum mjög náið með atvinnugreininni. Námið hefur frá upphafi verið byggt upp í samráði við fagfólk og samtök hestamanna. Nemendur fara einnig í verknám hjá viðurkenndum þjálfunarstöðvum og fyrir-tækjum í greininni.“

## Nýtt nám í járnungum

Pótt deildin byggji á sterkri hefð er hún síður en svo stöðnuð. Á síðasta ári hófst ný námsleið sem ekki hafði áður verið í boði hér

á landi. „Við settum af stað sérhæft íslenskt járnningamannapróf. Það er nám fyrir reynda járnningamenn sem vilja uppfylla alþjóðlegar kröfur og fá viðurkenningu sem gildir víða í Evrópu. Námið var próað í samstarfi við Evrópsk járnningamannasamtök og hefur hlotið alþjóðlega vottun. Víða erlendis þarf formleg réttindi til að starfa sem járnningamaður. Með þessu námi geta útskrifaðir nemendur sótt um slíka viðurkenningu. Þá er fram undan uppbygging nýrrar námsleiðar þar sem yngri nemendur geta lært fagið frá grunni,“ segir Víkingur.

## Hestatengd meðferðarþjónusta

Eitt áhugaverðasta þróunarsvið deildarinnar snýr að rannsóknum á áhrifum hesta á heilsu og líðan fólks. „Við sjáum sífellt fleiri dæmi um að hestar séu nýttir í meðferð, endurhæfingu og þjálfun. Það vekur margar áhugaverðar spurningar sem við viljum rannsaka betur.“

Víkingur segir að erlendar rannsóknir og reynsla fagfólks bendi til þess að samskipti við hesta geti haft jákvæð áhrif á fjölbreytta hópa. „Það getur verið fólk sem hefur orðið fyrir áföllum, börn með hegðunar- eða náms-erfiðleika eða einstaklingar í sjúkrahjálfun.

Hestarnir virðast hafa sérstaka hæfni til að skapa traust og ró.“

Á Hólum var nýverið haldin alþjóðleg ráðstefna þar sem fremstu sérfræðingar heims á þessu sviði komu saman. „Við sjáum fyrir okkur að þróa bæði rannsóknir og sérhæft nám á þessu sviði á næstu árum í samstarfi við ólíka faghópa.“

## Ný tækifæri með Háskóla Íslands

Frá og með 1. júlí verður Háskólinn á Hólum hluti af Háskóla Íslands og mun starfa undir heitinu Háskóli Íslands á Hólum. Að mati Víkings opnar það spennandi möguleika. „Við fáum aðgang að stærra stoðkerfi og auknum tækifærum til samstarfs við fræðimenn á fjölmörgum sviðum. Það getur styrkt bæði rannsóknir og kennslu verulega.“

Hann nefnir sérstaklega samstarf við menntavísinda- og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands sem gæti skapað nýjar námsleiðir og aukið rannsóknastarf. „Við höfum þegar hafið meistarastig í hestafræðum og útskrifuðum fyrsta nemandann í vor. Ég tel að það sé aðeins byrjunin. Við sjáum mikil tækifæri til að byggja enn frekar ofan á þá þekkingu sem hefur skapast hér á Hólum.“

# Öll þjálfunarsaga hestsins á einum stað

Oddur Ólafsson, stofnandi og framkvæmdastjóri HorseDay, er fæddur og uppalinn á Hvoli í Ölfusi og þar segir hann fyrirtækið hafa byrjað. Nú hefur það rutt sér til rúms á alþjóðlegum markaði þar sem það þjónustar þúsundir hestamanna víðs vegar um heiminn. Smáforritið hefur, á undanförunum árum, orðið mikilvægt tól fyrir bæði áhugafólk og keppendur.

**E**g er alinn upp í sveit í kringum hesta og hugmyndin að HorseDay fæðist á hestabýlinu sem við vorum með. Við vorum í öllum þeim athöfnum sem tengdust hestum, ræktun, tamningu, sölu og öllu þannig.

## Íslenski hesturinn á aðdáendur um allan heim

HorseDay er í grunninn tvíþætt. „Þetta er bæði kerfi sem er notað til utanumhalds um alla þjálfun og umhirðu, bara svona eins og Strava fyrir hlaupara, en þetta er sérhæfðara fyrir hestafólk. Á hinn bóginn er þetta gagnastaður fyrir allt sem tengist mótahaldi og keppnum. Þetta er þínu eins og Íslendingabók nema bara fyrir íslenska hestinn. Við erum með tengingu inn í allar viðurkenndar upplýsingar um íslenska hesta, sama hvar þeir eru í heiminum. Þess vegna er smáforritið notað út um allan heim.“

## 85% af notendum smáforritsins eru erlendis

„Íslenski hesturinn er svo víða. Hann er í yfir 20 löndum og á aðdáendur út um allan heim sem þykja gaman að fylgjast með honum.“

Smáforritið hefur orðið vinsælt meðal þeirra sem fylgjast með keppnum. Á landsmóttinu geta notendur nálgast dagskrá, þáttakendalista og niðurstöður í rauntíma. „Þetta er eins og mótsskrá fyrir stórmót en í appformi þar sem öll dagskrá, allir þáttakendur og niðurstöður í rauntíma auk allra þeirra upplýsinga um hesta, ætterni og

svona hluti sem hestafólki þykir svo gaman að grúska í. Það er svo margt í appinu tengt móttinu. Allt frá mótsskránni og dagskrá að stöðulistum og hverjir eru líklegastir til þess að vinna. Um leið og niðurstöður eru skráðar inn hjá dómurum birtast þær í HorseDay sem gerir mörgum auðveldara að fylgjast grannt með.“

## Auðveldar eigendum að skilja hestinn

Hesturinn getur ekki tjáð sig eins auðveldlega og maðurinn. HorseDay auðveldar eigendum að skilja hvernig hestinum líður og hvað hann reynir að tjá sig um. „Það þarf að lesa svolítið í hestinn og við erum að reyna að hjálpa fólki að skilja betur hvaða merki hann er að reyna að gefa með því að nýta þessa tækni. Í grunninn auðveldar þetta þessa þjálfunarkvæði. Þú ýtir á byrja þegar þú ferð út á hestbak, alveg eins og þú gerir í Strava þegar þú ferð út að hlaupa. Þú getur fylgst með vegalengd og hraða allan tímann. Það sérhæfða sem tengist íslenska hestinum er greining á því hvað þú ert að gera. Við greinum gangtegundir í gegnum skynjarann í símanum, á hvaða gangtegund notandinn er þegar hann er í reiðtúrnum og gefum honum þannig innsýn sem hann hefur áður ekki haft. Þú hefur þarna alla þjálfunarsögu hestsins á einum stað.“

Mótsárangur og keppnir eru svo allt skráð þannig að til verður í rauninni svona heildræn saga, bæði þjálfunar- og keppnissaga. Heilsutengd skráning er líka þarna og hægt er að grúska í miklum gögnum.“



Oddur Ólafsson á Íslandsmóti í hestaþróttum í Hafnarfirði á dögunum ásamt Sigurði Ævarssyni dómara.

## Á vit nýrra ævintýra



## Í öruggum höndum

Við höfum áratugareynslu af hestaflutningum og leggjum ríka áherslu á velferð og öryggi hestanna frá móttöku til afhendingar.

ICELANDAIR  
CARGO



*Velkomin á*  
**Landsmót hestamanna**

5.-11. júlí 2026



Akureyrarbær





Morgunblaðið/Arnþór Birkisson

Porvaldur Kristjánsson, hrossaræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, hefur mikinn áhuga á hestamennsku og segir að miklar framfarir hafi orðið á síðastliðnum árum í íslenskri hrossarækt.

**A**ð sinna starfi hrossaræktarráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er mjög áhugavert starf," segir Porvaldur Kristjánsson og heldur áfram: „Í aðdraganda Landsmóts hestamanna hefur starfið nær eingöngu snúist um dóma á hrossum og undirbúning fyrir mótið. Það var afar mikil eftirspurn eftir því að sýna hross í kynbótadómi í vor og var um metskráningu að ræða. Áður en dómur byrjuðu upp úr miðjum maí var búið að festa pláss fyrir 1.309 hross. Vorin 2024 voru 1.013 dómur felldir í aðdraganda landsmóts og árið 2022 voru 983 dómur felldir að vorinu. Svo það endar líklega þannig að um fjölgun dóma verði að ræða í ár miðað við síðustu landsmót.“

Porvaldur útskýrir að miklar framfarir hafi orðið á síðastliðnum árum í íslenskri hrossarækt. „Það endurspeglar mikinn metnað og áhuga hjá fjölda hrossaræktenda sem sést á þeirri miklu þátttöku sem er á sýningum vorsins. Staðan

er gríðarlega verðmæt og vegurinn bjartur fram undan," segir hann.

**„Minn fyrsti hestur hét Fjalar“**  
Hver er þín fyrsta minning tengd hestum?

„Ég heillaðist af hrossum á unga aldri og hef átt hest síðan ég var sjö ára gamall og riðið nánast út sleitulaust síðan. Á árum áður vann ég töluvert við tamningar og tem min hross ennþá sjálfur að miklu leyti. Minn fyrsti hestur hét Fjalar og var frá Steðja í Borgarfirði, hann var jarþblesóttur. Hann hafði verið keppnishestur áður en ég eignaðist hann og Ragnar Hinriksson hafði keppt á honum í skeiði. Ég á afar góðar minningar um þennan hest og ekki síst að fara hratt á skeiði á honum," segir Porvaldur.

Aðspurður hvað heilli hann mest við hestamennsku segir Porvaldur erfitt að nefna eitthvað eitt. „Það er svo margt sem er heillandi við hesta og samveran við þá gefur manni afar mikið. Þegar maður er á hestbaki kemst ekkert annað að en hesturinn og samskiptin við hann.

Það gefur manni mikið í tamningum eða útreiðum að upplifa framfarir, bættan skilning manns og hests eða framfarir í styrk hestsins og hæfileikum.“

**„Á hestbaki er maður í núinu“**

Porvaldur útskýrir hvernig tilfinningu þá er fyrir hann og fleiri að vera á hestbaki. „Á hestbaki er maður alveg í núinu, sem er afar verðmætt fyrir mannsálina og það er ein ástæðan fyrir því að margir sækja í hestamennskuna.“

Margir hafa velt fyrir sér hvernig það sé að rækta hesta. „Ræktunarstarfið er náttúrulega gríðarlega heillandi. Að eignast góða hrysu, þæla í stóðhestum sem áhugavert væri að para hana við og sjá afraksturinn er mjög skemmtilegt. Þar getur fólk fengið útrás fyrir sköpunarþörf og það er afar listrænn strengur í mörgu hestafólki. Hrossarækt á auðvitað mikið skylt við margar listgreinar; ekki síst tónlistina. En þegar maður er að meta ganghæfni hrossa eða á hestbaki sjálfur snýst margt um að vera með músik í sér, tilfinningu fyrir takti, hrynjandi og flæði.“

**Hestamennskan sameinar kynslóðirnar**

Bláðamaður kannast við hverja tilfinningu í ofangreindri staðhæfingu og verður því forvitinn að fara á dýptina þegar kemur að hestaiþróttinni sjálfri.

„Hestamennska er mjög margslungin og það gerir hana að eftirsóknarverðu áhugamáli. Hún getur sameinað kynslóðirnar í hesthúsinu en íslenski hesturinn hentar fólk á öllum aldri. Þá hafa sumir áhuga á almennum útreiðum, aðrir biða allan veturinn eftir sumrinu til að geta farið í hestaferðir um hálendið. Þá hafa sumir brennandi áhuga á keppni og reiðlistinni og þeirri íþrótt sem það er að bæta hestinn eins og íþróttamann, hvort sem það er í gangtegunakeppnum eða kappreiðum. Þegar kemur að keppnisíþróttinni þá er það afar verðmætt

hvað hún hefur orðið vinsælli og vinsælli í seinni tíð með mikilli aukningu í keppnum yfir veturinn til dæmis.“

Porvaldur segir deildir í nánast öllum landshlutum yfir veturinn. „Með mikilli þátttöku atvinnu- og áhugafólks en hestaiþróttin er þriðja fjölmennasta íþrótt á Íslandi. Íslendingar eru að sjálfsögðu með þessari miklu þátttöku í hestamennsku, hinum mikla fjölda hrossa í landinu og hinum mikilvæga þætti hestsins í sögu þjóðarinnar, sannarlega ein af hestabjóðum heimsins.“

”

**Landsmót hestamanna er afar sérstakur viðburður á heimsvísu og óvíst hvort nokkurs staðar í heiminum séu komin jafn mörg hross saman á einum stað til að taka þátt í keppni og sýningum.**

Hvað gerir hrossaræktarráðunautur?

„Mitt starf snýst um ræktun hestsins, fræðslu og leiðbeiningar um hrossarækt og svo dómana sem eru á vorin og sumrin. Á veturna er ég töluvert að halda námskeið um hrossarækt, sinna starfi í fagræði í hrossarækt og einnig starfi á vegum FEIF sem eru alþjóðasamtök Íslandshestafélaga. Á vorin er ég að skoða unghross, sérstaklega ungfola sem fólk er að ala upp sem stóðhestsefni. Svo taka við kynbótasýningar á vorin og sumrin. Þannig að þetta er töluvert fjölbreytt starf og skemmtilegt," segir Porvaldur.

**„Landsmót er magnaður viðburður“**

Hverju er mikilvægt að lesendur átti sig á fyrir landsmót?

„Landsmót er magnaður viðburður og verðmæti þess er margslungið. Hvað kynbætur hestsins varðar eru landsmót mikilvæg mælistika á framfarir í ræktun. Þar gefst fólk tækifæri til að sjá bestu hross hvers tíma í einstaklingssýningum

og þau hross sem þarna koma fram eru líklegust til að skapa erfðaframfarir næstu kynslóða. Margir sækja landsmót auðvitað sérstaklega til að sjá stóðhestana til dæmis og finna hestinn til að nota í ræktun. Þá er sýning afkvæmahesta eitt skemmtilegasta og magnaðasta dagskráratriði landsmóta.“

Porvaldur útskýrir nánar: „Afar verðmætt er fyrir ræktendur að skoða afkvæmahópa þeirra stóðhesta sem hljóta afkvæmaverðlaun á mótinu og fá betri vitneskju um hvernig hestgerðir þeir eru að gefa. Landsmót og það mikla svið sem það er fyrir hrossin skapar líka verðmætan drifkraft inn í ræktunarstarfið sem eykur við metnað ræktenda.“

Þannig að verðmæti landsmóta er mikið og ákveðið fjöregg sem við verðum að vernda. Þá er auðvitað mikil keppni á landsmótum og margar skemmtilegar greinar sem keppt er í. Þar er keppt í gæðinga-

keppni alhlíða hesta og klárhesta sem er elsta keppnisformið með hestinn.

Svo er einnig keppt í tölti og skeiðgreinum.“

**Landsmótið sérstakt á heimsvísu**

Það sem var einna eftirminnilegast á síðasta móti hvað keppnina varðar var keppnin í barna- og unglingaflokkum að hans mati. „Það var ótrúlegt að sjá hvað krakkarnir voru færir og á góðum hrossum. Það er mjög gaman fyrir mig að fylgjast með keppninni einnig vegna þess að ræktunin er auðvitað undirstaða alls sem verið er að gera með hestinn og gaman að sjá hvað framfarir í hestakosti hafa orðið miklar á síðustu árum. Svo má ekki gleyma því að Landsmót hestamanna er afar sérstakur viðburður á heimsvísu og óvíst hvort nokkurs staðar í heiminum séu komin jafn mörg hross saman á einum stað til að taka þátt í keppni og sýningum. En á landsmótum eru að taka þátt í heildina upp undir 900 hross," segir Porvaldur Kristjánsson að lokum.

**UMFÍ**

ÍÞRÓTTA- OG FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

**UNGLINGA-LANDSMÓT**

**UMFÍ**

SJÁUMST Á SAUÐÁRKRÓKI  
UM VERSLUNAR-MANNAHELGINA

20 GREINAR - TÓNLEIKAR  
OG AFFREYING  
ALLA HELGINA

30. JÚLÍ - 2. ÁGÚST

SKRÁNING Í FULLUM  
GANGI Á UMFÍ.IS



*Velkomin á*  
**Landsmót hestamanna**

5.-11. júlí 2026



# Landsmót hestamanna 2026



Dagskrá mótsins má sjá á [landsmot.is](http://landsmot.is)



EYLÍF

Active **JOINTS**

„Mér líður betur í liðunum og mæli eindregið með Active **JOINTS**“

Brenda Pretlove



„Eftir að ég byrjaði að taka Active **JOINTS** fyrir liðina, fann ég fljótt mun til betri vegar“

Olgeir Engilbertsson,  
bóndi



„Ég fór mjög fljótt að finna mun á liðleika mínum“

Hrafnhildur  
Jónsdóttir



Active **JOINTS** fyrir liði, bein og bandvef. Flýtir endurheimt.

Hrein íslensk gæðahráefni,  
framleitt á Grenivík



Active **JOINTS** frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Nettó, Krónunni, Fjarðarkaupum, Heilsuhúsinu og [www.eylif.is](http://www.eylif.is)

PORSCHE



# Rafmagnaður gæðingur.

Rafmagns Cayenne – dregur allt að 3.500 kg.

Drægni er allt að 806 km\* í borgarakstri og 643 km\* í blönduðum akstri.

Dæmi um ríkulegan staðalbúnað: Hæðarstillanleg loftpúðafjöðrun, mjúklökun á hurðum, snjalllykill (hægt að nýta allt að sjö síma/úr sem lykil), forhitun í gegnum app, rafstillanleg aftursæti og 113 kWh Long Range rafhlaða.



Hannaðu þinn Cayenne.



Verðlisti og búnaður.

Verð Cayenne: 16.950.000 kr.

\* Samkvæmt WLTP.

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | S: 590 2000 | benni.is

Bílabúð  
**Benna**  
í fimmtíu ár

Þitt með fyrirvara um mynd- og textabréngi. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.